

Alþjóðaráð

Fundargerð 7.02.2017 kl 20:00 – 22:20 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123

Mættir: Liljar Már Þorbjörnsson, Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálstjóri.

Gestir: Guðrún Häsler og Elmar Orri Gunnarsson, undir lið 2.

Skype: Jón Þór Gunnarsson og Marta Magnúsdóttir

Dagskrá:

1. Fundarsetning: LMP
2. Vinnuhópur um norrænt/evrópskt kynjaverkefni: GH og EOG sögðu frá starfi norræns vinnuhóps. Norræni hópurinn hefur að einhverju leiti misst tengingu við hóp á vegum Evrópustjórnar WAGGGS EFTIR AÐ Nína Fleck hætti í Evrópustjórn. Fundur var í Kaupmannahöfn í október 2015 þar sem norræni hópurinn fór að vinna með evrópuhópnum. Þar var fyrst blandað saman Gender og Diversity. Norðurlöndin hafa verið að skoða ólíka þætti starfsins. Finnar hafa verið að skoða Gilwell, Svíþjóð skoðað Skátaping og Ísland skoðað viðburði. GH og EOG prófuðu kynjahlutann í R-R dagskrá Landsmóts skáta 2016. Hafa hugsað sér að kynna þetta á Bland í poka, en því hefur tvívegis verið frestað. Vilja kynna þetta fyrir öllum vinnuhópum, ráðum og nefndum BÍS. Norræni hópurinn mun síðan skila af sér skýrslu með tillögum á Norræna skátapinginu 2018. GH og EOG langar til að kynna þetta að lokum með viðburði styrktum af Erasmus+. JPG ýtir á norræna IC að landshóparnir skili upplýsingum til GH og haldi verkefninu áfram. GH og EOG kynntu drög að bæklingi um málið á íslensku. Ramminn um Diversity er alltaf að víkka og bæklingurinn er hinsvegar fyrst og fremst stílaður að kynjajafnrétti enn sem komið er. Rætt um að kynna meginlínur þessa efnis á Skátapingi. Diversity er einn af þáttum stefnumótunar BÍS til 2020, en er ekki áhersluþáttur fyrr en 2018. Getum mögulega tekið þátt í WAGGGS verkefninu með áherslu á viðburði. Alþjóðaráð telur að BÍS eigi ekki að taka þátt í WAGGGS verkefninu að sinni.
3. Fararhópur Íslands á World Scout Moot 2017: Hitti fararstjórn í gær. Vantar betri formfestu í starfi fararstjórnar. Hvatti þau til að útbúa fréttabréf og auka flæði upplýsinga. Eru að endurskoða fjárhagsáætlun. JPG mun ræða við fararstjórn um hlutverk og virkni á næstu vikum.
4. Komandi viðburðir:
 - a. Ungmennaping: Þingið er um næstu helgi í Hraunbyrgi, WSM mun verða kynnt þar. Þórey verður á staðnum og minnir á alþjóðastarf.
 - b. Skátaping 10.-11. mars: Roverway 2018 og Jamboree 2019 verða kynnt í púlti. Kynna yfirlit yfir alþjóðlega viðburði með öðrum hætti.
 - c. Agora 2017: 2 umsóknir hafa borist – senda út ítrekun á Tækifæri – JA gerir það.
 - d. SPEAK IT UP!: Tvær umsóknir hafa borist, Birta Ísafold, Mosverjum og Berglind Lilja, form. ungmennaráðs. BÍS á 3 pláss. Auglýsa aftur á Tækifærum og hafa beint samband við líklega. JA hefur samband við umsækjendur og segir þeim að þær séu inni.
 - e. WSM:
 - f. Roverway 2018: LMP og MM fóru af fundi. Fjórar umsóknir hafa borist um þátttöku í undirbúningshópi. Liljar Már Þorbjörnsson, Unnur Líf Kvaran, Andrés Róbertsson og Marta Magnúsdóttir. Alþjóðaráð leggur til

að þau verði öll skipuð í undirbúningshópinn. Jafnframt leggur alþjóðaráð til að Liljar Már Þorbjörnsson verði skipaður fararstjóri. JPG mun hafa samband við Mörtu Magnúsdóttur og Unni Líf Kvaran áður en seinni fararstjórinn verðu valinn. JA hefur samband við félagsforingja. JA finnur samning við fararstjóra og handbók fararstjóra. Samþykkt að LMP fari á fundinn. Kostnaður verður hluti af undirbúningskostnaði ferðarinnar.

- g. World Scout Jamboree 2019: Samþykkt að auglýsa eftir fararstjóra sem fyrst eftir Skátapiing.
- 5. Skýrsluskrif YES og Forandringsagentere: Skýrslurnar eru í vinnslu, JA ýtir á að þeim verði lokið sem fyrst.
- 6. Erindi:
 - a. Samstarfsverkefni með Grískum skátum: Verkefnið, sem snýst um baráttu gegn hatursorðræðu, er áhugavert en tímasetningar henta ekki og því leggur alþjóðaráð til að BÍS taki ekki þátt í verkefninu.
 - b. Auglýsing um Kandersteg: BÍS hefur borist erindi um að kynna Kandersteg fyrir íslenskum skátum. JA mun setja inn auglýsingu á Tækifærin.
 - c. World Thinking Day - Beiðni frá WAGGGS um aðstoð við að fá nokkrar stúlkur til að svara spurningum. Þórey skoðar málið.
 - d. JOTA-JOTI Seminar 2017: Erindið var sent til Radíóskáta og hafa þeir lýst yfir áhuga á því að taka þátt. Ekki er um styrk að ræða frá BÍS vegna þátttökunnar.
- 7. Önnur mál
 - a. Framboð til setu í alþjóðaráði 2017-2018: Liljar og Þórey bjóða sig fram til endurkjörs. JA sendir MM póst til að kanna hennar stöðu.